

Fundargerð fyrsta fundar nýs spyrnuráðs 8.06.20 á tölvupósti

Mættir: Stefán Örn Steinþórsson, Ingólfur Arnarson og Jónas Freyr Sigurbjörnsson

1. Nýtt spyrnuráð, skiftum með okkur störfum.
2. Deilitölur til að umbreita kvartmílutímum í 1/8 og sand vegna öryggiskrafna, sjá 5.1.4
3. Orðalag á reglu 6.1.8.8.a vegna kennitíma í OF
4. SFI veltibúr, eða almennt um tímamörk á veltibúrum eftir gerð og efnisvali.
5. Sniðmát af sérreglum keppna fyrir spyrnugreinar.

1. Samþykkt að Stefán verði formaður ráðsins og óskum við eftir að tölvupóstar sem sendir eru á [spyrna@akis.is](mailto:spyrna@akis.is) berist á netföngin [blowercuda@gmail.com](mailto:blowercuda@gmail.com) (stefán) [ingo@hljodx.is](mailto:ingo@hljodx.is) og [jonas@bogt.is](mailto:jonas@bogt.is)

2. Samþykkt breiting á reglu 5.1.4 svo hljóðandi:

5.1.4 Reglur um öryggisatriði ná til Kvartmílu, áttungsmílu, götuspyrnu og sandspyrnu. Séu tímamörk aðeins gefin upp fyrir kvartmílu skal nota þessar deilitölur til að ákveða hvernar öryggisatriði komi inn.

5.1.4.a Áttungsmíla og götuspyrna: 64% af kvartmílutíma

5.1.4.b sandspyrna: 45% af kvartmílutíma

5.1.4.a Öryggiskröfur í sandspyrnu miðast út frá kvartmílutímum svohljóðandi: 6.49=13.49, 5.49=11.49 og 4.49=9.99

Ekki eru gerðar frekari öryggiskröfur í sandspyrnu en gerðar eru fyrir 8.50sek í kvartmílu.

3. Orðalag reglu 6.1.8.8 var óskýrt og um að ræða 2 reglur sem vinna saman, ákveðið að sameina þær í eina skýrari reglu svo hljóðandi:

6.1.8.8 Kennitími:

6.1.8.8.a Keppnistæki fær kennitíma í fyrstu keppni sem tækið mætir í.

6.1.8.8.a.i Eftir það heldur það sama kennitíma svo framarlega að ekki sé skipt um mótör og þyngd haldist innan skekkjumarka upp á **+/- 50lb**

~~6.1.8.8.a.ii Fari ökutæki meira en 0,5 sek undir kennitíma skal lækka kennitíma þess í tímann sem farið var í viðkomandi ferð plus 0,5 sek. (Dæmi: Ökutækið fær kennitíma 10 sek. Ökutækið fer fyrstu ferð og fer 8 sek. Ökutækið fór 2 sek undir kennitíma, þar af leiðandi fær það kennitímann 8,5 sek í næstu ferð)~~

6.1.8.8.b Ákvarðaður er kennitími fyrir hvert keppnistæki sem tekur mið af þyngd, slagrymi og reiknuðum aflstuðli fyrir hverja kúbiktömmu vélar. Aflstuðull er fundinn með eftirfarandi reikniformúlu:  $(2,5 - (\text{slagrymi} / 1000))$  Hestöfl eru fundin með eftirfarandi reikniformúlu:  $(\text{aflstuðull} * \text{slagrymi}) = ((2,5 - (\text{slagrymi} / 1000)) * \text{slagrymi})$  Kennitími eru fundinn með eftirfarandi reikniformúlu:  $(\text{þyngd} / \text{hestöfl}) ^ (1/3) * 3.67$

6.1.8.8.c Reiknivél fyrir index má finna hér: <http://foo.is/calc/of-index-2018tillaga.html>

6.1.8.8.d Fari keppnistæki niður fyrir reiknaðan kennitíma í keppni þá lækkar kennitíminn í næstu ferð. Kennitími lækkar varanlega í hvert sinn sem farið er undir hann:

6.1.8.8.d.i fyrir fyrstu 0,5 sek. um 20% af frávíkinu, námundað við 1/100 hluta úr sekúndu;

6.1.8.8.d.ii fyrir allt umfram 0,5 sek. um 100% af frávikinu, námundað við 1/100 hluta úr sekúndu.

6.1.8.8.e Sjá töflu sem sýnir frávik og skilyrta lækkun kennitíma.

4. Lesið yfir regluverk fía og SFI töflur og útbúin tafla sem sýnir skýrt hvaða veltibúr þarf eftir gerð bíla og tíma sem þeir keyra.

Þessa töflu þarf að birta á heimasíðu akís undir greinareglum spyrnu.

Einnig þarf að birta þar hlekk á reglusvæði FIA fyrir spyrnugreinar þar sem öll grunnskjölin er að finna, sjá hlekk <https://www.fia.com/regulation/category/101>

SFI staðlar fyrir veltibúr eru ekki til hér á landi en það eru skjöl sem þarf að kaupa frá SFI foundation, Ingimundur hjá KK hefur sent beiðni þess efnis á SFI foundation og vonandi er svara að vænta fljótlega.

Þar til við fáum þau gögn í hendur getum við ekki vottað SFI stöðluð búr en getum haldið áfram að skoða og skrá öll almenn búr sem gilda niður að 8.50sek kvartmílutíma, bílar sem fara hraðar en það og eiga að vera löglegir til þess þarf að skrá á lista sem við förum svo í að votta þegar við höfum gögnin til þess. Fram að þeim tíma halda þeir sínu keppnisleyfi eins of verið hefur.

Spyrnuráð óskar þess að fá frá AKÍS lista yfir þau búr sem búið er að skoða svo við getum yfirfarið og gefið þeim vottun fyrir þann kvartmílutíma sem þau standast.

5. Ingimundur hjá KK er búinn að útbúa sérreglur fyrir komandi kvartmílukeppni sjá hér- <http://skraning.akis.is/keppni/237#rules>

Þessar reglur getum við notað sem sniðmát fyrir 1/4 mílu og 1/8 mílu.

Svo þarf að vinna upp úr þessu sérreglur fyrir götuspyrnu og sandspyrnu með þeim flokkum og skilgreiningum sem þar eiga við.